

- 1 Skynbúnaður**
- 2 Hreyfill og fylgibúnaður**
- 3 Yfirbygging**
- 4 Stýrisbúnaður**
- 5 Burðarvirki**
- 6 Hjólabúnaður**
- 7 Aflrás**
- 8 Hemlabúnaður**
- 9 Tengibúnaður, merkingar o.fl.**

Skoðunatriði	Nr	Skoðunatriði	Nr	Skoðunatriði	Nr	Skoðunatriði	Nr
Aðalljós	112	Hemlaleiðslur	856	Mengunarmæling	225	Stýristjakkur	415
Aðgreiningarljós	122	Hemlaljós	131	Merkingar	942	Stýrisupphengja	409
Aflstýri	418	Hemlalokar	827	Móðueyðing	186	Stýrisvél	415
Aflögun	882	Hemlalæsivörn	894	Naglar	603	Stýrisöxull	435
Ádrepari	207	Hemlarör	852	Neyðarakstursljós	160	Stýriþrýstingur	884
Asar	638	Hemlaskálar	860	Neyðarbúnaður	965	Stærð ökutækis	384
Ásetningar og los.	878	Hemlasöngur	854	Neyðarhemlakerfi	888	Stöðuljós	124
Bakkljódmerki	176	Hemlastrokkar	866	Neyðarmerki	939	Stöðuhemilshandf.	825
Bakkljós	132	Hemlun	886	Notkunarflokkur	992	Sveifarhúsöndun	235
Barnabílastóll	348	Hemlunargeta	884	Númersljós	157	Sæti	347
Breiddarljós	144	Hemlunarkraftar	880	Óleyfð ljósker	123	Taxaljós	159
Breyting fjaðrabú.	619	Hjólástilling	624	Prufutengi	879	Tengibúnaður	903
Breyting yfirbygg.	360	Hjólasterð	604	Rafali	912	Tenging ljósa	121
Burðargeta	639	Hjólbarði	603	Rafgeymir	909	Tengingar hemla..	829
Burðarvirki	509	Hjóllegur	609	Rafkerfi	909	Undirvörn	318
CO-innihald	221	Hjörulíður	706	Rafleiðslur	918	Upplýsingaljós	122
Dagljós	134	Hleðslubúnaður	327	Rafsegultruflanir	249	Útblásturskerfi	215
Drif	709	Hliðarbyggjúljós	122	Raftengi	906	Útíhersla	870
Drifskaf	706	Hliðarljós	148	Reykþykki	224	Útilega	876
Dyrabúnaður	303	Hlíðargúmmi tann.	421	Rofar	178	Útstæðir hlutir	344
Dyraneyðarútg.	965	Hljóðmerkisbún.	176	Rúður	312	Varúðarljós	122
Eiginþyngd	379	Hljóðstyrkur	218	Rúðusprauta	106	Veltstyrkur	354
Eldsneytisgeymar	211	Hraðamælir	712	Rúðupurrkur	103	Verksmiðjunúmer	945
Eldsneytisgjöf	209	Hraðatakörkun	728	Ræsir	915	Vélarhlíf	334
Farmrými	321	Hreyfilfestingar	203	Samsláttarpúðar	635	Viðvör. fyrir loftþ.	806
Farm festingar	324	Hreyfilrými	248	Sjónvarp	368	Viðvörðunarþríh.	948
Farmskilrúm	331	Höggvari	341	Sjúkrakassi	954	Vinnuljós	122
Farþegarými	365	Hvarfakútur	241	Skólamerki	936	Virgni og geta stöðu.	890
Felgur	606	Hættuljós	141	Skráð tjónabifreið	993	Yfirbygging	357
Festingar útblástu.	215	Höfuðdæla	839	Skráningarkerki	923	Ýtíhemill	864
Fjaðrir	618	Höfuðpúði	351	Slag í stýrisbúnaði	415	Þekjandi hlutir	337
Flauta	175	Höggdeyfar	621	Slagrými	214	Þjófavörn	729
Gashylki	962	Ísvarnarbúnaður	850	Slökkvitæki	951	Þjóðernismerki	926
Gasleiðslur	962	Jafnvægisstöng	627	Snúningskrans	447	Þokuafturljós	122
Glitaugu	172	Kúpling	721	Speglar	109	Þokuljós	151
Glitmerkingar	173	Lambda	222	Spindlar	406	Þrep	370
Gírbúnaður	703	Leitarljós	122	Spyrnur	615	Þrýsti loftsgeymir	837
Gormaskálar	632	Lekam. hreyfill	212	Standari á bifhjóli	520	Önnur ljós	122
Hamlari (retarder)	877	Leki útblásturskerfis	215	Stangir, armar, vírar	862	Öndunarslanga	238
Hávaðamengun	218	Leki vökvahemla.	874	Stefnuljós	137	Ökuriti	724
Hemlaborðar	858	Lekamengun	718	Stirðleyki í stýris.	424	Ökutækisflokkur	991
Hemladiskar	860	Lofthreinsari	206	Styrkleikamissir	503	Öryggisbelti	315
Hemladælur	866	Ljósastari	154	Stýrisarmar	438	Öryggispúði	316
Hemlafetill	802	Ljósker	118	Stýrisbúnaður	403	Öxulhosa	707
Hemlahandfang	808	Lofthemlakerfi	872	Stýrisendar	403		
Hemlajöfnunarl.	868	Loftþjappa	804	Stýrishjól	427		
Hjólhlíf	306	Lýsing	115	Stýrishöggdeyfir	444		
Hemlaklossar	858	Mengunarmörk	221	Stýrisstopp	441		

1. Almenn atriði

Skoðunarhandbók þessi er gefin út af Samgöngustofu með vísan til reglugerðar um skoðun ökutækja, nr. 8/2009 með síðari breytingum. Hún tekur til skoðunar á skoðunarskyldum ökutækjum og uppfyllir öll ákvæði í EB tilskipun nr. 2009/40 með síðari viðbótum. Skoðunarhandbókin er ætluð til nota við eftirfarandi verkþætti:

- a) reglubundna skylduskoðun, s.k. aðalskoðun (og endurskoðun vegna hennar),
- b) skoðun vegna breytinga á ökutæki sem hlotið hefur skráningu og eru þess eðlis að atriðum í ökutækjaskrá verður ekki breytt nema að undangenginni skoðun á ökutækinu, s.k. breytingaskoðun eða sérskoðun (og endurskoðun vegna þeirra),
- c) skoðun vegna skráningar ökutækis, s.k. skráningarskoðun (og endurskoðun vegna hennar). Á bæði við þegar verið er að skrá ökutæki hér á landi og endurskrá ökutæki sem áður hefur verið skráð hérlandis og afskráð hefur verið,
- d) við aðrar skoðanir en skráningarskoðun á ökutækjum á utanvegamerkjum er heimilt að skoða utan skoðunarstöðvar. Þessi ökutæki má skoða með hemlunarklukkum í þeim tilvikum sem hún er ekki skoðuð á skoðunarstofu.

Ef ástand og/eða útlit ökutækis gefur tilefni til skal því reynsluækið í öllum ofangreindum tegundum skoðana til að betur megi kanna virkni einstakra atriða.

Skoðunarmaður má hvorki skoða ökutæki né aka því, nema að hafa tilskilin gild ökuréttindi.

Merking skjala

Skjöl eru merkt með númerum og bandstrikum sem saman mynda merkingu sem skráð er efst í hægra horn skjalsins á eftir orðinu Skjal. Ein A4 síða er eitt skjal. Merkingin er byggð upp á eftirfarandi hátt:

- # Númer hluta handbókarinnar (1-3: 1=formáli, 2=skoðunatriði, 3=stöðrit).
- # Kaflanúmer innan hlutans (1-9).
- ## Undirkaflanúmer innan kaflans (00-99).
- ## Blaðsíðunúmer innan undirkaflans (00-99).

Á sérhverju skjali er að auki útgáfunúmer og dagsetning útgáfu viðkomandi skjals. Allar efnislegar breytingar eru merktar með lóðréttu striki fyrir framan þær málsgreinar sem breyst hafa.

2. Uppbygging Skoðunarhandbókar

Handbókin skiptist í þrjá hluta: formála, skoðunaratriði og stoðrit. Tveimur hinum síðastnefndu er skipt í 9 kafla sem hver fjallar um ákveðinn búnað eða kerfi ökutækja. Sérhver kafli inniheldur safn skoðunaratriða sem notuð eru við dæmingar á viðkomandi búnaði. Atriðin eru númeruð með þriggja stafa númeri frá 100-999 og segir fyrsti tölustafurinn í númerinu til um kaflann sem atriðið tilheyrir. Þessi númer skal nota og engin önnur við dæmingar einstakra atriða sem færð eru á skoðunarvottorð.

Uppsetning í skoðunaratriðahluta handbókarinnar er þannig (frá vinstri til hægri):

Reglug.

Tilvísun til kafla í stoðriti sem inniheldur viðkomandi reglugerðarákvæði, ákvæði staðla og annarra reglna.

Túlkun

Tilvísun til kafla í stoðriti sem inniheldur túlkanir á reglugerðum.

Verklýs.

Tilvísun til kafla í stoðriti sem inniheldur verklýsingar vegna skoðunar viðkomandi hlutar.

Uppl.

Tilvísun til kafla í stoðriti sem inniheldur upplýsingar sem nauðsynlegar eru, s.s. hámarksgildi slags, samþykktur búnaður eða aðilar, eða ýmsar kröfur til ákveðinna tegunda ökutækja.

Skilgreiningar á dæmingum

Hér eru dæmingarnar skilgreindar eða ákveðin orð í forsendu dóma. Í nokkrum tilfellum er hér tilvísun til kafla í stoðriti ef textinn er óþægilega langur. Þegar skilgreiningar eru háðar dagsetningu, **ritað “eftir dd.mm.áá”**, er átt við frá og með fyrsta skráningardegi sem skráður er í skráningarskírteini skal miðað við þá dagsetningu.

Aðferð

Á hægri hlið er einnig tilgreint hvaða aðferð er notuð þegar viðkomandi atriði er skoðað. Skoðun ákveðins atriðis getur samanstáð af fleiri en einni skoðunaraðferð. Sérhver bókstafur gefur til kynna hvaða aðferðum skuli beitt:

H: Hljóðskoðun	M: Mæling
K: Átaksskoðun	S: Sjónskoðun
L: Lyktarskoðun	V: Virknisathugun

Við **hljóðskoðun**, **lyktarskoðun** og **sjónskoðun** er ástand viðkomandi búnaðar eða hlutar ökutækis metið á faglegan hátt með því að hlusta eftir óeðlilegu hljóði, finna óeðlilega lykt eða skoða ástand búnaðarins.

Við **átaksskoðun** er handkrafti beitt á viðkomandi búnað og ástand hans metið. Athugað er hvort aflögun búnaðarins eða stilling hans verði óeðlileg þegar þessum krafti er beitt.

Við **mælingu** er notað mælitæki til að ákveða dæmingu viðkomandi atriðis. Mælitæki getur verið mengunarmælir, hemlaprófari, málband, gráðubogi o.fl.

Við **virknisathugun** er búnaðurinn notaður á eðlilegan hátt og virkni viðkomandi búnaðar athuguð.

Forsenda dóma

Forsendu dóma er hér lýst. Dagsetningar eru ritaðar með sama hætti hér og í kaflanum um skilgreiningu á dæmingum.

Sérm.

Í þessum dálki eru sérmerkingar. Eftirfarandi sérmerkingar eru til:

- X** Á við í aðalskoðun og endurskoðun þegar frestur er liðinn. Breyta skal niðurstöðu skoðunarinnar úr **Endurskoðun** í **Lagfæringu**, ef aðeins hefur verið gerð athugasemd við eitt atriði. Ekki er heimilt að breyta niðurstöðu skoðunar við önnur atriði.
- B** Á við í aðalskoðun (og endurskoðun v/hennar). Dæming atriðisins hefur í för með sér kröfu um breytingaskoðun.
- H** Á við skráningarskoðun og breytingarskoðun Dæming atriðisins hefur í för með sér aukaniðurstöðuna “nýskráningu eða breytingu hafnað”.

Bifreið – Bifhjól – Eftirvagn (þ.m.t. hjólhýsi, fellihýsi og tjaldvagn)

Dæming hvers skoðunaratriðis. Hún getur verið **1**, **2** eða **3** eftir eðli og ástandi búnaðar í ökutæki. Dæmingar eru mismunandi eftir því hvort um bifreið, eftirvagn eða bifhjól er að ræða.

Breytingar ökutækja

Þessi dálkur á eingöngu við í breytingaskoðun. Hér eru talin upp þau atriði sem skal nota háð gerð breytingar. Eftirfarandi breytingar eru skilgreindar:

Ýmsar breytingar á ökutækjum sem annað hvort eru gerðar samkvæmt fyrir mælum framleiðanda ökutækisins, eða þær hafa ekki áhrif á aksturseygisleika og akstursöryggi þess:

- BA** Breytingar á fjölda og/eða gerð ása.
- BG** Grindarbreytingar vörubifreiða.
- BF** Farþegafjöldabreytingar - hópifreið.
- BH** Bifreið til að flytja hreyfihamlaða.
- BM** Sérbúnaður fyrir hreyfihamlaða - úttekt.
- BS** Farþegafjöldabreytingar - ekki hópifreið.
- BT** Tengibúnaður - úttekt.
- BY** Yfirbygging vöru- og hópifreiða (t.d. festingar við grind, lengd fyrir aftan hjól, ljós o.fl.).
- BV** Hreyfill - breytingar á gerð eða stærð.
- BX** Atriði sem alltaf eru skoðuð í B-skoðun.

Breytingar á notkunarflokki og oft sérbúnaði sem þeim tengjast:

- NA** Almenn notkun.
- ND** Ökutæki til flutnings á hættulegum farmi (ADR).
- NH** Húsifreið (fólksbifreið sérbúin til íbúðar).
- NK** Ökutæki til ökukennslu.
- NL** Leigubifreið (fólksbifreið til leiguaksturs).
- NN** Ökutæki til neyðaraksturs.
- NO** Bifreið til sérstakra nota.
- NR** Rallbifreið (bifreið til rallaksturs).
- NS** Skólabifreið (bifreið til skólaaksturs).
- NV** VSK bifreið

NX Atriði sem eru alltaf skoðuð í N-skoðun.

Breytingar á ökutækjaflokkum (breytt í eftirfarandi flokka):

- ÖF** Fólksbifreið.
- ÖH** Hópifreið.
- ÖS** Sendibifreið.
- ÖV** Vörubifreið.
- ÖX** Atriði sem eru alltaf skoðuð í Ö-skoðun.

Strik, “---”, í stað dæmingar eða tilvitnana í handbókinni gefur til kynna að skoðunatriði eigi ekki við um viðkomandi ökutækisflokk eða að engin tilvitnun eigi við um viðkomandi skoðunatriði.

3. Kröfuskjöl

- **Staðallinn ÍST EN 45 004:1995:**
Númer staðals
ISO / IEC 17020: 1998

- **Umferðarlög:**
Númer laga
50/1987
Gildistaka
01.03.1988 með síðari breytingum.

- **Lög um faggildingu o.fl.:**
Númer laga
24/2006
Gildistaka
12.04.2006 með síðari breytingum.

- **Lög um bifreiðagjald:**
Númer laga
39/1988
Gildistaka
20.05.1988 með síðari breytingum

- **Reglugerð um gerð og búnað ökutækja:**
Númer reglugerðar
72/1937
51/1964
655/1989
411/1993
915/2000
308/2003
822/2004
Gildistaka
24.06.1937
15.05.1964 með síðari breytingum.
01.07.1990 með síðari breytingum.
01.03.1994 með síðari breytingum.
29.11.2000 með síðari breytingum.
01.06.2003 með síðari breytingum.
01.01.2005 með síðari breytingum.

- **Reglugerð um starfsemi faggiltra óháðra skoðunarstofa:**
Númer reglugerðar
346/1993
Gildistaka
20.08.1993

- **Reglugerð um starfsemi endurskoðunarverkstæða með B-faggildingu:**
Númer reglugerðar
631/1994
Gildistaka
29.11.1994

- **Reglugerð um skoðun ökutækja:**
Númer reglugerðar
378/1998
8/2009
Gildistaka
29.06.1998 með síðari breytingum.
09.01.2009 með síðari breytingum

- **Reglugerð um skráningu ökutækja:**
Númer reglugerðar
751/2003
Gildistaka
06.10.2003 með síðari breytingum.

- **Reglugerð um stærð og þyngd ökutækja:**
Númer reglugerðar
155/2007
Gildistaka
27.02.2007 með síðari breytingum.

- **Reglugerð um lögmæltar ökutækjatrýggingar:**
Númer reglugerðar
392/2003
424/2008
Gildistaka
27.05.2003
07.05.2008

- **Reglugerð um umferðaröryggisgjald:**
Númer reglugerðar
681/1995
Gildistaka
01.01.1996 með síðari breytingum

- **Reglugerð um vörugjald af ökutækjum:**

Númer reglugerðar	Gildistaka
331/2000	15.05.2000 með síðari breytingum

- **Reglugerð um hleðslu, frágang og merkingu á farmi:**

Númer reglugerðar	Gildistaka
554/2003	09.07.2003
671/2008	07.07.2008

- **Reglugerð um aksturs- og hvíldartíma ökumanna, notkun ökurita og eftirlit.**

Númer reglugerðar	Gildistaka
661/2006	24.07.2006
662/2006	25.07.2006
605/2010	06.07.2010 með síðari breytingum

- **Reglugerð um skilyrði undanþágu frá greiðslu olíugjalds og um greiðslu sérstaks kílómetragjalds:**

Númer reglugerðar	Gildistaka
274/2006	27.03.2006 með síðari breytingum

- **Reglugerð um innskatt:**

Númer reglugerðar	Gildistaka
192/1993	18.05.1993 með síðari breytingum

- **Reglugerð um merki á skólabifreiðum:**

Númer reglugerðar	Gildistaka
279/1989	01.09.1989 með síðari breytingum

- **Reglugerð um akstursípróttir og aksturskeppni:**

Númer reglugerðar	Gildistaka
507/2007	06.06.2007 með síðari breytingum

- **Reglugerð um ökuskírteini**

Númer reglugerðar	Gildistaka
501/1997	11.08.1997 með síðari breytingum
830/2011	29.02.2012 með síðari breytingum

- **Reglugerð um frágang á hraðatakmarkara í bifreið**

Númer reglugerðar	Gildistaka
71/1998	28.01.1998 með síðari breytingum

- **Reglugerð um flutning á hættulegum farmi á landi**

Númer reglugerðar	Gildistaka
984/2000	27.12.2000 með síðari breytingum
1077/2010	14.06.2011 með síðari breytingum

- **Reglur um tengingu og drátt ökutækja:**

Númer reglna	Gildistaka
394/1992	01.12.1992

- **Reglur um neyðarakstur:**

Númer reglna	Gildistaka
643/2004	01.07.2004

- **Gjaldskrá Samgöngustofu:**

Númer reglugerðar	Gildistaka
681/2002	01.10.2002 með síðari breytingum
1292/2011	30.12.2011 með síðari breytingum
338/2015	24.03.2015 með síðari breytingum

4. Skilyrði til skoðunar

Allar skoðanir

Skoðunarstofa skal ávallt athuga hvort ökutæki beri rétt skráningarnúmer, hvort gerð skráningarnúmers sé rétt, að það sé rétt skráð í ökutækjaskrá og hvort verksmiðjunúmer þess sé í samræmi við skráningarskírteini þannig að á óyggjandi hátt megi sannreyna að um sama ökutæki sé að ræða og það sem upplýsingar eru um í skráningarskírteini eða í ökutækjaskrá og á skoðunartorði því sem niðurstaða skoðunar verður færð á. Ef í ljós kemur að verksmiðjunúmer það sem skráð er á ökutækið er ekki það sama og í ökutækjaskrá, eða því breytt á einhvern hátt, skal Samgöngustofu tilkynnt um frávikið og ökutækinu vísað frá skoðun með notkun bönnuð, ef Samgöngustofu tekst ekki að leiðrétta skráninguna.

Eigi er heimilt að skoða ökutæki sem er klakabrynjað eða þakið þannig snjó að það torveldi skoðun ökutækisins.

Aðalskoðun, Aðalskoðun fyrra árs

Áður en aðalskoðun getur farið fram þarf skoðunarstofa að tryggja að eftirfarandi upplýsingar og skjöl séu til staðar:

- Skráningarskírteini (eða sambærilegar upplýsingar úr ökutækjaskrá).
- Staðfesting á gildri ábyrgðartryggingu.
- Staðfesting á greiddum opinberum gjöldum.

Breytingaskoðun og sérskoðun

Áður en breytingaskoðun eða sérskoðun getur farið fram þarf skoðunarstofa að tryggja að eftirfarandi upplýsingar og skjöl séu til staðar:

- Skráningarskírteini (eða sambærilegar upplýsingar úr ökutækjaskrá).
- Staðfesting á gildri aðalskoðun. Á ekki við ef ökutækið var dæmt í breytingaskoðun í aðalskoðun.

Skráningarskoðun

Áður en skráningarskoðun getur farið fram þarf skoðunarstofa að ganga úr skugga um að:

- Upplýsingar um ökutækið hafi verið færðar í ökutækjaskrá.
- Upplýsingar sem beðið er um séu til staðar.

Við upphaf skráningarskoðunar skal ganga úr skugga um að:

- Ökutækið sé í samræmi við fylgigögn (teikningar og útreikninga).

Endurskoðun (v/aðalskoðunar, v/breytingaskoðunar, v/skráningarskoðunar, fyrra árs)

Áður en endurskoðun getur farið fram þarf skoðunarstofa að tryggja að eftirfarandi upplýsingar og skjöl séu til staðar:

- Skráningarskírteini (eða sambærilegar upplýsingar úr ökutækjaskrá).
- Skoðunartorð síðustu skoðunar (þeirrar sem krafðist endurskoðunar) eða sambærilegar upplýsingar úr ökutækjaskrá.

Samanburðarskoðun

Samanburðarskoðun er skoðun gerðarviðurkenndra ökutækja við nýskráningu og skal skoðunin framkvæmd skv. eyðublaði US.129. Ekki er dæmt á skoðunatriði skv. skoðunarhandbók. Eingöngu er heimilt að tilkynna þær breytingar sem fram koma á US.129. Ef upp koma frávík er skráningu hafnað.

5. Frankvæmd skoðunar**Aðalskoðun, Aðalskoðun fyrra árs**

Við aðalskoðun ökutækja skal skoða öll atriði handbókarinnar og dæma eftir því sem við á um sérhvert ökutæki. Neðangreind atriði, sem skráð eru í skráningarskránni ökutækis, eru borin saman við ökutækið á meðan á skoðun fer fram. Komi fram frávik er því lýst hvernig það er meðhöndlað í neðangreindri töflu. Skýringar á dálkum töflunnar fara hér á eftir. Eftirvagnar sem ekki hafa nægt bil mill hjóla er heimilt að skoða án þess að lyfta eða gryfja sé notuð. Einnig skal skoða bifhjól sem eru á þremur eða fleiri hjólum eins og ökutæki í ökutækisflokknum M1 ef skyldleiki er þar á milli.

Skráningarskylda: Hér er tiltekið hvort atriðið er skráningarskylt í ökutækjaskrá, þ.e. hvort í þessum reit á að vera eitthvert gildi. Einnig tilgreint ef það er ekki skráningarskylt fyrir einhvern ákveðinn tíma. Við skráningarskoðun skal því rétt gildi skráð í þennan reit eftir því sem krafa er um (gildi tilkynnt til Samgöngustofu).

Skoðunarskylda: Ef skylt er að skrá atriðið er hér tilgreint hvort það þarf alltaf að vera rétt í skránni, þ.e. að við reglubundna skylduskoðun ökutækisins skuli skráningin athuguð og (a) dæmt á ranga skráningu (ökutæki hefur verið breytt), (b) boðið upp á breytingaskoðun (breytingin tekin út), eða (c) sett inn leiðrétting eigi slíkt við (rangt skráð í upphafi).

Forsendur skráningar við skoðun: Hér eru tilgreindar þær forsendur sem notaðar eru af skoðunarstofu við skráningu á upplýsingum í viðkomandi skráningarreit. Heimilt er að senda inn breytingu / leiðréttingu á skráningu óskráningarskyldra atriða m.v. þessar forsendur og metur Samgöngustofa þau skráningargögn/skráningaratriði sem hafa borist.

Dæming: Hér eru númer þeirra dæmingaratriða í Skoðunarhandbók sem eiga við viðkomandi skráningaratriði.

Skráningaratriði	Skrán.skylda	Skoð.skylda	Forsendur skráningar við skoðun	Dæming
Verksmiðjunúmer	Skal skrá	Vera rétt	Merking á ökutæki.	
Orkugjafi	Skal skrá	Vera rétt	Hreyfill ökutækis.	213
Notkunarflokkur	Skal skrá	Vera rétt	Útfærsla ökutækis m.v. skilgreiningar og kröfur í reglugerð um gerð og búnað ökutækja, skráningarhandbók og/eda gögn.	992
Ökutækisflokkur	Skal skrá	Vera rétt (frá 01.07.90)	Útfærsla ökutækis m.v. skilgreiningar og kröfur í reglugerð um gerð og búnað ökutækja.	991
Farþegafjöldi	Skal skrá	Vera rétt.	Útfærsla ökutækis m.v. skilgreiningar og kröfur í reglugerð um gerð og búnað ökutækja.	347
Breidd	Skal skrá	Vera rétt	Ökutækið mælt.	384
Lengd	Skal skrá	Vera rétt	Ökutækið mælt.	384
Leyfð heildarþyngd	Skal skrá	Vera rétt	Upplýsingaspjald á ökutæki (einnig skv. gögnum hjá Samgöngustofu).	639
Eiginþyngd	Skal skrá	Ekki augljós- lega röng	Viðurkenndur vigtarseðill.	379
Stærð hjólbarða (viðeigandi hjóla)	Skal skrá	Vera innan 10% marka	Stærðarmerkingar á hjólbarða.	604
Afl hreyfils	Skal skrá	Annað en 0	Samþykkt gögn frá Samgöngustofu.	214
Slagrými hreyfils	Skal skrá	Annað en 0	Samþykkt gögn frá Samgöngustofu.	214
Yfirbygging	Skal skrá	Vera rétt	Útfærsla ökutækis m.v. skilgreiningar og kröfur í reglugerð um gerð og búnað ökutækja.	360

Skráningatriði	Skrán.skylda	Skoð.skylda	Forsendur skráningar við skoðun	Dæming
Sérbúnaður	Skal skrá	Vera rétt	Útfærsla ökutækis m.v. skilgreiningar og kröfur í reglugerð um gerð og búnað ökutækja.	903
Breytingar breyttra bifreiða	Skal skrá (frá 01.01.97)	Vera rétt	Útfærsla ökutækis.	450-618-619-638-712
Tegund	Skal skrá	Vera rétt	Merking á ökutæki.	
Litur	Skal skrá	Vera rétt	Litur ökutækis.	
Framleiðsluár	Skal skrá á notuðum ökutækjum frá USA og Kanada við skráningu á fyrsta skráningardegi (frá 01.01.90)	Vera rétt	Upplýsingaspjald á ökutæki (einnig skv. gögnum hjá Samgöngustofu).	
Leyfð áspýngd (viðeigandi ása)	Skal skrá	Vera rétt	Upplýsingaspjald á ökutæki (einnig skv. gögnum hjá Samgöngustofu eða skráningarhandbók).	639
Heimil þyngd eftirvagns (hemluð)	Ef ökutæki er skráð með tengibúnað	Vera rétt	Upplýsingaspjald á ökutæki (einnig skv. gögnum hjá Samgöngustofu).	
Heimil þyngd eftirvagns (óhemluð)	Ef ökutæki er skráð með tengibúnað	Vera rétt	Upplýsingaspjald á ökutæki (einnig skv. gögnum hjá Samgöngustofu).	

Breytingaskoðun

Við breytingaskoðun ökutækja skal eingöngu skoða þau atriði sem eiga við sérhverja breytingu eins og þau eru skilgreind í liðnum “**Breytingar ökutækja**”.

Sérskoðun

Sérskoðun á við um þær bifreiðir sem breytt hefur verið í veigamiklum atriðum frá upprunalegri útfærslu framleiðanda og ekki eru til leiðbeiningar framleiðanda þar að lútandi. Í þeim tilfellum skal skrá bifreiðina sem “**breytta bifreið**” og hún merkt sem slík. Öll atriði handbókarinnar eru skoðuð í svokallaðri sérskoðun og dæmd eftir því sem við á um sérhverja bifreið. Eftirfarandi breytingar eru flokkaðar til veigamikilla breytinga:

Ásar: Allar gerðar- og fjöldabreytingar (á ekki við um vörubifreið).

Fjaðrir: Allar gerðarbreytingar, viðbætur og útfærslubreytingar (sjá þó neðangreindan texta um heimilar hæðarbreytingar).

Grind og yfirbygging: Allar lengdarbreytingar á grind og sjálfbærandi yfirbyggingu þannig að breyting verður á hjólhafi (á ekki við um vörubifreið). Allar hæðarbreytingar (sjá þó neðangreindan texta um heimilar hæðarbreytingar). Allar styrkleikabreytingar berandi hluta.

Hemlar: Allar breytingar á hemlabúnaði.

Hjól: Allar stærðarbreytingar umfram 10% frá upprunalegri stærð framleiðanda.

Stýrisbúnaður: Allar útfærslubreytingar og viðbætur.

Heimilar hæðarbreytingar: Heimilt er að auka bil milli yfirbyggingar og ása (milli fjaðra og ása og/eða húss og grindar) þannig að ökutæki hækki um 5 cm án þess að sérskoðunar sé krafist, svo framarlega að breytingin hafi ekki áhrif á halla eða stefnu hjóla eða stýrisvala.

Skráningarskoðun

Við skráningarskoðun ökutækja skal skoða öll atriði handbókarinnar og dæma eftir því sem við á um sérhvert ökutæki.

Endurskoðun (v/adalskoðunar, v/breytingaskoðunar, v/skráningarskoðunar, fyrra árs)

Við endurskoðun skal skoða þau atriði sem gerð hefur verið athugasemd við í undangenginni skoðun og athugað að lagfæring fráviks hafi ekki kallað fram ný frávik. Þetta á t.d. við um viðgerð á ljósabúnaði (s.s. perum), hemlum (s.s. slöngum), stýrisbúnaði (s.s. stýrisendum), hjólabúnaði (s.s. felguboltum) o.þ.h. Ef ökutæki er fært til endurskoðunar vegna aðalskoðunar eða skráningar eftir að frestur til endurskoðunar er liðinn skal það skoðað á sama hátt og um aðalskoðun væri að ræða.

Aukaskoðun að kröfu lögreglu

Hafi lögregla boðað ökutæki sem er með gilda aðalskoðun til skoðunar skal það skoðað eins og um aðalskoðun væri að ræða (en skoðunin skráð sem aukaskoðun að kröfu lögreglu). Hafi lögregla sett út á vanrækslu á skoðun skal ökutækið skoðað viðkomandi skoðun að öllum skilyrðum til þeirrar skoðunar uppfylltum (ef skilyrði til skoðunar eru ekki uppfyllt skal ökutækið skoðað viðkomandi skoðun en skoðunin er skráð sem aukaskoðun að kröfu lögreglu).

Meðferð skoðunarvottorðs

Við framkvæmd framangreindra skoðana skal skoðunarstofa nota skoðunarvottorð. Meðferð vottorðsins skal vera með eftirfarandi hætti:

- Á vottorðið skal tilgreina nafn skoðunarstofu og skoðunarstað ásamt númeri þeirrar brautar þar sem skoðunin fór fram. Að auki skal tilgreina númer mengunarmælis, ljósaskoðunartækis og hemlaprófara sem notaðir eru við skoðunina. Í þeim tilfellum sem eitthvert af áður nefndum skoðunartækjum er ekki notað skal setja **0** sem tákni fyrir viðkomandi skoðunartæki.
- Niðurstaða dæmingar einstakra skoðunaratriða skal tilgreind. Ekki er heimilt að nota önnur númer skoðunaratriða en tilgreind eru í handbókinni.
- Á vottorðið skal skrifa, ef þörf er á, útskýringar á dæmingum einstakra skoðunaratriða.
- Á vottorðið skal skrá mæligildi mengunarmælingar, þ.e. CO-gildi, λ-gildi eða K-gildi. Skrá skal hærri töluna er mæld eru tvíorku ökutæki.
- Á vottorðið skal skrá stöðu akstursmælis.
- Á vottorðinu skal gera grein fyrir ósamræmi á niðurstöðu skoðunar og hæstu tölu dæmingar. Sjá nánar hér að aftan.
- Að lokinni skoðun skal skoðunarmaður undirrita skoðunarvottorðið. Með því tekur hann ábyrgð á því að niðurstaða sérhverrar dæmingar sé í samræmi við Skoðunarhandbók og að niðurstaða skoðunarinnar sé í samræmi við reglur þar að lútandi.
- Sá er færir ökutæki til skoðunar skal staðfesta að skoðun þess hafi farið fram með ritun nafn síns á þar til gerðan reit á skoðunarvottorðinu. Neiti hann því skal gera grein fyrir því á vottorðinu. Sé sá er færði ökutækið til skoðunar ekki á staðnun til að staðfesta að skoðun hafi farið fram, skal gera grein fyrir því á vottorðinu.

Frumrit skoðunarvottorðs skal afhent eiganda/umráðamanni ökutækisins. Afrit af skoðunarvottorðinu skal varðveitt af skoðunarstofu í a.m.k. tvö ár.

Niðurstaða skoðunar

Almennt skal niðurstaða skoðunar vera í samræmi við hæstu tölu dæmingar hvers einstaks skoðunaratriðis, þ.e. niðurstaðan er

Án athugasemda ef ekkert hefur verið sett út á,

Lagfæring ef hæsta tala dæmingar er 1,

Endurskoðun ef hæsta tala dæmingar er 2,

Notkun Bönnuð ef hæsta tala dæmingar er 3.

Ef dæmt hefur verið á **B-merkt** atriði verður til aukaniðurstaða skoðunar:

Þarf skoðun vegna skráningar.

Ef dæmt hefur verið á **H-merkt** atriði verður til aukaniðurstaða skoðunar:

Skráningu eða breytingu hafnað

Endurskoðunarverkstæði má ekki endurskoða ökutæki sem fengið hefur aukaniðurstöðu.

Frávik frá ofangreindum almennum niðurstöðum geta verið af eftirfarandi ástæðum:

- Niðurstaða endurskoðunar á endurskoðunarverkstæði getur aldrei orðið önnur en **Án athugasemda**.
- Ef aðeins hefur verið gerð athugasemd við eitt **X-merkt** skoðunaratriði í aðalskoðun skal breyta niðurstöðu skoðunar á þann hátt að hún verði **Lagfæring**. Á vottorð skal skrá skýringuna **Ein athugasemd**.

- Niðurstaða aðal- og endurskoðunar skal vera **Notkun Bönnuð** ef skoðunaratriði hlýtur dæmingu 2 við skoðun ökutækis sem lögreglan hefur fært til skoðunar vegna vanbúnaðar (ástand ökutækis) eða tekið skráningarnúmer af vegna vanbúnaðar. Hið sama á við ef í minnihluta hefur verið bætt úr þeim athugasemdum sem gerðar voru við undangengna skoðun ökutækis vegna útrunnins frests til endurskoðunar. Við mat á minnihluta skal gefa eitt stig fyrir skoðunaratriði sem hlotið hefur dæmingu 1, tvö stig fyrir dæmingu 2 og þrjú stig fyrir dæmingu 3. Á vottorð skal skrá frávikið **Notkun Bönnuð**.
- Niðurstaða endurskoðunar og endurtekinnar aðalskoðunar skal vera **Endurskoðun** ef í ljós kemur að atriði sem hlutu dæmingu 1 í undangegninni skoðun hafa ekki verið lagfærð. Á vottorð skal skrá frávikið **Lagfæringu ekki sinnt**.
- Niðurstaða endurskoðunar skal vera **Notkun Bönnuð** ef í minnihluta hefur verið bætt úr þeim athugasemdum sem gerðar voru við undangenginni skoðun. Við mat á minnihluta skal nota sömu aðferð og í fyrri þanka. Þetta á bæði við endurskoðunina og undangengna skoðun. Á vottorð skal skrá frávikið **Lítill viðleitni**.

Hafi lögregla klippt af ökutæki vegna trygginga, bifreiðagjalda eða skoðunnar telst skilyrðum fullnægt hafi tryggingar/bifreiðagjöld verið greidd eða ökutækið fært til skoðunar eftir því sem við á.

Dæmingum og öðrum niðurstöðum skoðunar, svo og skráðum mæligildum akstursmælis og mengunarmælinga skal skilað til Samgöngustofu samdægurs. Skoðanir miðast við fastnúmer ökutækja og flokkast á Höfuðborgarsvæðið og önnur kjördæmi landsins.

Meðferð skoðunarmiða

Að lokinni útfyllingu skoðunarvottorðs er skoðunarmiði settur á skoðunarskyld ökutæki í samræmi við niðurstöðu skoðunar:

- **Án athugasemda** eða **Lagfæring**. Á ökutækið er límdur skoðunarmiði fyrir fullnaðarskoðun í samræmi við skoðunarreglu þess miðað við ökutækjaflokk og notkunarflokk ökutækisins (sbr. reglugerð um skoðun ökutækja).
- **Endurskoðun**. Á ökutækið er límdur endurskoðunarmiði þess mánaðar er frestur gildir til. Til endurskoðunar skal almennt veita frest til loka næsta mánaðar. Sé við aðalskoðun gerð athugasemd um atriði, sem ekki er unnt vegna skorts á varahlutum að bæta úr innan tilskilins frests, er heimilt að veita mánaðar frest til viðbótar áður útgefnum fresti, að því tilskildu að áður útgefinn frestur sé ekki útrunninn.
- **Notkun Bönnuð**. Á ökutækið er límdur notkun bönnuð miði (enginn frestur er gefinn).

Ef ökutækið er með skráningarmerki af eldri gerð er miðinn límdur þannig:

- bifreið: neðst í vinstra horn framrúðu,
- bifhjól: á stýristúpu eða annarstaðar sem því verður við komið
- eftirvagn: við vinstri hlið skráningarmerkis

Ef ökutækið er með almenn skráningarmerki skal miðinn límdur á upplyftan flöt þeirra eftir gerð (sbr. reglugerð um skráningu ökutækja):

- A** Reiturinn á miðju skráningarmerkinu milli bókstafa og tölustafa fastnúmersins. Á einkamerki er reiturinn (sá eini) vinstra megin á skráningarmerkinu notaður.
- B** Neðri reiturinn vinstra megin á skráningarmerkinu.
- C** Reiturinn (sá eini) vinstra megin á skráningarmerkinu.
- D** Reiturinn hægra megin á skráningarmerkinu.

6. Frávik við framkvæmd skoðana

Til þess að samræma skoðanir einstakra skoðunarmanna og starfsemi skoðunarstofa skulu skoðunarstofur haga starfi sínu þannig að dæmingar skoðunarmanna og skoðunarstofa á einstökum sviðum skoðana og niðurstöður skoðana verði innan ákveðinna frávika. Þessi samræming á við um aðalskoðanir allra ökutækja sem skoðuð eru á sex mánaða tímabili hverju sinni og skulu skoðunarstofur geta framvísað slíku yfirliti.

Dæmingar:

Athugasemdum er skipt í dæmingu 1, 2 og 3. Reiknað er út fyrir hvert skoðunatriði skoðunarhandbókarinnar hlutfall fjölda athugasemda miðað við fjölda skoðaðra ökutækja á öllu landinu á því tímabili sem er til skoðunar. Vegið meðaltal þessa hlutfalls fyrir sérhvert skoðunatriði er það viðmiðunargildi sem stuðst er við hverju sinni. Markmiðið er að einstakir skoðunarmenn og skoðunarstofurnar í heild séu innan marka staðalfrávíks:

Niðurstöður skoðana:

Niðurstöðum er skipt í eftirfarandi þrjá flokka:

0. Án athugasemda
1. Lagfæring
2. Endurskoðun
3. Notkun Bönnuð

Reiknað er út hlutfall niðurstaðna fyrir lið 0, 1, 2 og 3 á tímabilinu.

Einstakir skoðunarmenn og skoðunarstofurnar í heild skulu ávallt leitast við að halda fráviki frá meðaltalinu í lágmarki. Nái skoðunarmaður ekki að uppfylla þessi stefnumið skal skoðunarstofan gera viðeigandi ráðstafanir, meðal annars með fræðslu eða endurmenntun viðkomandi starfsmanna, eða gera grein fyrir þeim ástæðum sem að baki frávikunum kunna að liggja.